

Tillaga Í-lista og B-lista að ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær segir sig hér með úr Byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum (Bsvest).

Frá árinu 2014 hefur farið fram umfangsmikil vinna af hálfu Ísafjarðarbæjar og eftir atvikum BsVest að bæta starf og umgjörð málaflokksins og auka árangur í rekstri og þjónustu. Þessari viðleitni hefur verið framhaldið af Ísafjarðarbæ síðastliðið ár, í samráði við önnur sveitarfélög í BsVest, með mótun tillögu um að Ísafjarðarbær gerist leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks. Markmiðið með tillögunni var að búa til sterkari fagleg teymi, spara í stjórnunarkostnaði og þjónusta notendur betur fyrir sama fé. Tillagan hefur verið kynnt öðrum sveitarfélögum og fengið töluverða umfjöllun, auk þess sem um hana var rætt á sérstöku málþingi fyrir í þessum mánuði. Það voru því töluverð vonbrigði fyrir Ísafjarðarbæ að önnur sveitarfélög á Vestfjörðum væru enn ekki tilbúin að fara þessa vegferð leiðandi sveitarfélags, ekki síst vegna þess ávinnings sem tillagan sú leið hefur í för með sér fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Það er sannfæring bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að málaflokki verði betur fyrir komið með umræddu fyrirkomulagi og því er rétt að Ísafjarðarbær segi sig úr BsVest og undirbúi að taka rekstur málaflokksins að öllu leiti í eigin hendur.